

# Fundargerð Öryggisnefndar AKÍS

Fundur haldinn 23. júní 2020 að Engjavegi 6, kl. 17.40

Mætt Aðalsteinn Símonarson, Elsa Kristín Sigurðardóttir.

Forfölluð Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir, Erla Sigurðardóttir.

---

## 1. Fundargerð síðasta fundar

Var birt á Facebook daginn eftir fund, samþykkt

## 2. Mönnun ráðsins

Stjórn AKÍS hefur ekki enn skipað aðila í ráðið í stað Páls Pálssonar.

## 3. Kynning á nefndinni

Tillaga AS að kynningarbréfi sem birt var nefndinni á sameiginlega Google Drive svæði var samþykkt. Jafnframt að keppnishaldarar og keppnisráð verði hvött til að hafa samband við nefndina varðandi öryggismál og eins til að láta vita af fundum sínum þar sem meðlimir nefndarinnar gætu komið sem gestir. Ákveðið að meðlimir nefndarinnar samræmi heimsóknir sínar á keppni og fundi í gegnum sameiginlegt svæði á Facebook.

## 4. Öryggismál í þeim keppnum sem búnar eru

Rædd voru nokkur atriði sem ábendingar höfðu borist um varðandi rallý í Keflavík og Rallykross hjá AÍH. Atriðin undirstirka þörfina fyrir að sérstök áhersla sé lögð á öryggismál og hvetur nefndina til að vera virk í samvinnu sinni við keppnishaldara.

## 5. Vesti á ljósmyndara

Ábending kom til nefndarinnar frá formanni AKÍS að nokkrir ljósmyndarar á síðustu rallýkeppni hafi ekki verið í einkennisvestum við myndatökur.

Nefndin telur mikilvægt að keppnishaldarar fylgi vel eftir að ljósmyndarar og aðrir sem eru í kringum keppnishaldið séu vel sýnilegir. Jafnframt þarf að vinna að því að reglur AKÍS séu virtar og að ljósmyndarar staðfesti með undirritun að þeir séu á svæðinu á eigin ábyrgð.

## 6. Sniðmát fyrir öryggisáætlun

EKS hefur fengið mikið magn efnis um öryggismál við keppnishald sem er mestmegnis á ensku. Hún mun á næstu 7-10 dögum reyna að taka út úr því helstu punkta sem verði notaðir sem grunnur að gátlista fyrir keppnishaldara og öryggisfulltrúa hérlendis.

Ian Sykes er þakkað fyrir að láta nefndinni í té mikið af efni.

Fundi slitið kl. 18.30

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson